

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði há dagforeldrum

Gildir frá 1. janúar 2017

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum. Dagforeldrar eiga val um að greiðsla á sumarmánuði falli til í júlí eða ágúst. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslur eru eftirfarandi
 - a. Skilyrði fyrir greiðslu er að foreldri eigi lögheimili í Hafnarfirði og hafi lokið fæðingarorlofi. Greiðslur hefjast í næsta mánuði eftir að barnið hefur náð 9 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna einstæðra foreldra hefjast í mánuðinum eftir að barnið er orðið 6 mánaða.
 - b. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
 - c. Að barn sé slysatryggt.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er kr. 7.800 kr. fyrir hverja klukkustund á dag
4. Greitt er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna og er kr. 9.300 (20%) og kr. 10.900 (40%) í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið:

Einstaklingur

0 til 3.334.088 kr. -(allt að á mánuði 277.841 kr.)	40%
3.334.089 til 4.000.905 kr. - (allt að á mánuði 333.409 kr.)	20%

Í sambúð

0 til 4.667.723 kr. - (allt að á mánuði 388.977 kr.)	40%
4.667.724 til 5.601.268 kr. - (allt að á mánuði 466.772 kr.)	20%

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

5. Greitt er fyrir hálfan og heilan mánuð og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar.
6. Veittur er 100% afsláttur af dvalargjaldi með öðru barni ef um systkini yngra en fimmtán mánaða er að ræða í daggæslu. Skilyrði er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.
7. Foreldrar fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla, gegn því að framvísa til leikskólastjóra niðurgreiðslukvittun frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
8. Sérstök niðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en fimmtán mánaða og er kr. 10.900 fyrir hverja klukkustund á dag. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 ½ stundir á dag. Greiðslur hefjast næsta mánuð eftir að barnið hefur náð fimmtán mánaða aldri og eru fjárhæðir óháðar tekjum.

Samþykkt í bæjarstjórn
07. desember 2016

Haraldur Línadal Haraldsson
bæjarstjóri